Vistunarreglur leikskólans Mánalands, Mýrdalshreppi

1. **Upphaf og lok vistunar.**

   Á leikskólanum Mánalandi er tekið við barni frá því að það nær eins árs aldri og fram að því er barn hefur skólagöngu í grunnskóla, enda rúmist kostnaður Mýrdalshrepps vegna vistunarinnar innan fjárhagsáætlunar leikskólans. Hægt er að sækja um vistun þremur mánuðum fyrir eins árs afmælisdag. Sé biðlisti við leikskólann fer barnið á biðlista frá eins árs aldri. Þurfi að velja milli barna á sama ári ræður kennitala, þannig að eldra barn gengur fyrir. Uppsögn á leikskólaplássi skal vera skrifleg og skal berast til leikskólastjóra eigi síðar en 20. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi 1. næsta mánaðar. Gildir einu hvort um er að ræða barn sem er að hætta í leikskólanum eða barn sem er að hefja skólagöngu.

2. **Skilyrði fyrir vistun.**

   Skilyrði fyrir vistun er að a.m.k. annað foreldri og barn séu með lögheimili í sveitarfélaginu. Þó er heimilt að taka barn til vistunar til skemmri tíma þó hvorugt foreldra eigi lögheimili í sveitarfélaginu enda liggi fyrir því gildar ástæður að mati leikskólastjóra og vistunin komi ekki til með að hafa kostnaðarauka í för með sér. Íbúar með lögheimili í Mýrdalshreppi hafi þó alltaf forgang fram yfir aðra. Þetta á aðeins við ef enginn biðlisti er við leikskólann.

3. **Forgangshópar.**

   Hægt er að sækja um forgang vegna leikskóladvalar til fræðslunefndar fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila eða félagsmálayfirvöldum skal fylgja með umsókn um forgang þar sem það á við. Til staðfestingar því að foreldri sé einstætt ber að framvísa vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavistun. Forgangur er eins og önnur vistun háð því að laust pláss sé fyrir hendi. Beiðni um forgang þarf að koma frá foreldrum/forráðamanni annars fer barn ekki sjálfkrafa í forgang. Við úrvinnslu á biðlistum skal hafa eftirfarandi forgangshópa í huga:

A) Börn starfsmanna sveitarfélagsins sem sveitarstjórn/sveitarstjóri metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni samfélagsins. Er þar sérstaklega átt við börn leik - og grunnskólakennara.
B) Fötluð börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska og börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl vegna félagslegra, andlegra eða líkamlegra frávika.
C) Börn einstæðra foreldra.
D) Börn í elsta árgangi leikskólans, 5 ára börn.

Við úrvinnslu forgangshópa á biðlistum skal fara eftir eftirfarandi:

- Börn í forgangi ganga fyrir öðrum börnum.
- Því eldra sem barnið er því meiri forgang hefur það.
- Ef velja þarf á milli barna á sama ári ræður kennitala þannig að elsta barnið gengur fyrir.
- Ef sótt er um fyrir barn sem er að flytja í sveitarfélagið Mýrdalshrepp fer það aftast í biðröðina nema það sé í forgangshópum.

4. Vikulegur vistunartími.

Lágmarksvistun er 3 dagar í viku og skulu þeir dagar vera samfelldir.

5. Daglegur vistunartími.

Daglegur vistunartími skal ekki vera minni en 4 tímar samfellt. Æskilegt er barnsins vegna að það mæti vel og stundvíslega í leikskólann og að vistunartíminn sé virtur, en leikskólinn er opinn frá 07:45 – 16:15. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og það látið vita þegar barn er sótt. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna leikskólastjóra hverjum sé heimilt að sækja barnið í leikskólann. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölina. Ef foreldrar óska eftir breytingu á vistunartíma barns sækja þeir um það til leikskólastjóra. Sækja þarf skriflega um ef breyta á

vistunartíma barns. Það skal gert fyrir 20. hvers mánaðar. Alla jafna munu breytingar taka gildi 1. næsta mánaðar á eftir, en ekki er víst að hægt verði að koma til móts við allar óskir strax.

6. Vistgjöld

Vistgjöld eru innheimt eftirá samkvæmt gjaldskrá. Greitt er í gegnum heimabanka og er eindagi 15. næsta mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina frá gjalddaga. Skuldi foreldrar 3 mánuði fellur leikskólavist niður. Að öðru leyti fylgir innheimta leikskólagjalda verklagsreglum Mýrdalshrepps.

7. Afsláttur

Þeir sem greiða lægra gjald eru, einstæðir foreldrar, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu lánshæfu námi og öryrkjar með metna örorku 75% eða meira. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst nema foreldrar séu í fullu sumarnámi. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um skólavist sína. Afsláttur er veittur til foreldra sem eiga fleiri en eitt barn á leikskólanum. Breyting á gjaldi vegna sambúðar eða sambúðarslita, upphafs eða lokum náms eða örorku kemur til framkvæmdar 1. næsta mánaðar eftir breytinguna. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólastjóra breytingar á högum sínum sem geta leitt til breytinga á gjöldum. Starfsmenn leikskólans fá afslátt af leikskólagjöldum. Afslátturinn nær til dvalargjalds fyrsta barns. Afslættir eru ákveðnir í gjaldskrá.

8. Frí.

Fari leikskólabarn í frí á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Hægt er að sækja skriflega um niðurfellingu á fæðisgjaldi vegna fjarveru barns með 14 daga fyrirvara. Fjarvera barns er að lágmarki 5 virkir dagar. Vistunarpláss helst fram yfir sumarleyfi nema forráðamaður segi því upp.

9. Lokanir.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur ár hvert vegna sumarleyfa. Ekki eru greidd leikskólagjöld fyrir þann tíma sem lokað er vegna sumarleyfa. Skipulagsdagar starfsfólks eru fimm á ári. Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum sem merktir eru á skóladagatali leikskólans ásamt degi Haustþings leikskólakennara og eru þeir ávallt auglýstir. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársdag.

10. Annað.

Barnið er slysatryggt í leikskólanum á vistunartíma.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu sem helst óbreytt þótt starfsmaður láti af störfum.